

Dagsetning
03.06. 2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, mál 34.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun fékk frumvarpið sent í pósti 2. júní og umsagnarfrestur er veittur til 3. júní, þ.e. einn dagur. Svo skammur umsagnarfrestur er óásættanlegur og því mun stofnunin hugsanlega skila inn frekari umsögn, ef frestun verður á afgreiðslu lagabreytinganna.

Frumvarpið felur í sér breytingar á fjórum sviðum, þ.e. um fisveiðar í frístundaskyni, fiskveiðar í fræðsluskyni, að heimilt verði að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa og um skipan frjálsra handfæraveiða í sumar, þ.e. svokallaðar strandveiðar. Gert er ráð fyrir að hluti byggðakvóta verði notaður til strandveiðanna.

Byggðastofnun telur að lagabreytingar um frístundaveiðar séu hagsmunamál fyrir ferðaþjónustu í landinu og að þær skýri rekstrarumhverfi þeirra aðila sem þær stunda. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við heimild vegna veiða í fræðsluskyni og ekki heldur við breytingu á aflamarki í karfa. Byggðastofnun telur að strandveiðar geti verið áhugaverð tilraun um fyrirkomulag fiskveiða. Í umræðum á Alþingi um málið kom fram að gert er ráð fyrir að áhrif þessarar tilraunar verði metin að henni lokinni. Stofnuninni er ekki kunnugt um að gerð hafi verið sambærileg könnun á áhrifum byggðakvóta í einstökum byggðarlögum og telur æskilegt að þau verði könnuð með sama hætti.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar